

# Verklagsreglur keppnisstjóra, spora -og klæðaeftirlits

- Fylgt er móta- og keppendareglum DSÍ, siðareglum DSÍ, keppnisreglum WDSF og einnig stuðst við handbók keppnisstjóra frá WDSF.
- Áréttum reglu B-9.1. í Móta og keppendareglum DSÍ um að ákvörðun keppnisstjóra á keppni er endanlegur.
- Áréttum að númer danspara (rétt merkt í viðkomandi dansi) er á ábyrgð parsins ekki starfsmanna mótsins. Liðstjórar hvers félags fá keppnislista afhentan með númerum við inngang á keppnisdegi.
- Rennsli  
Barnaflokkar: Þar eru milliriðlar notaðir.
  - Séu 8 pör eða færri skal dansað beint til úrslit og kynningarumferð í öllum dönsum og skal tími á hvern dans eigi vera styttri en 45 sekúndur og skal vera hlé áður en úrslit eru dönsuð. Ekki er heimilt að bæta við pörum úr öðrum flokkum sem dansa ómerkt með þegar um 7 pör eða fleiri er að ræða.
  - Ef fjöldi para er 9-12 þá eru vali 4 og síðan 2 úr milliriðli til úrslita ein utantekning er ef fjöldi para er 9 og útreikningur gefur val á 5 eða 8 í úrslit þá skal velja 5 og er það til að tryggja að 1 par sé ekki skilið eftir.
  - Ef fjöldi para er 13-20 ( er þeim skipt í tvo riðla ) þá eru vali 6 og síðan 4-6 úr milliriðli í undanúrslit.
  - Ef fjöldi para er 21-30 ( er þeim skipt í þrjú riðla ) þá eru valin 10 áfram og 4-6 úr milliriðli í 2.umferð til að velja þau sem dansa í undanúrslitum ( 12 ) og velja skal 6.
  - Séu tvö pör eða fleiri jöfn að stigum um þátttöku í næstu umferð fara þau öll áfram.
- Unglinga, ungmenna og fullorðinsflokkar í grunnsporum:
  - Séu 7 pör eða færri er farið beint í úrslit. Séu 7 pör eða færri skal dansað beint til úrslita og kynningarumferð í öllum dönsum og skal tími á hvern dans eigi vera styttri en 45 sekúndur og skal vera hlé áður en úrslit eru dönsuð. Ekki er heimilt að bæta við pörum úr öðrum flokkum sem dansa ómerkt með.
  - Ef fjöldi para er 8-12 þá eru valin 4 og síðan 2 úr milliriðli til úrslita ein utantekning er ef fjöldi para er 9 og útreikningur gefur val á 5 eða 8 í úrslit þá skal velja 5 og er það til að tryggja að 1 par sé ekki skilið eftir.
  - Ef fjöldi para er 13-20. Ef fjöldi para er 13-20 ( er þeim skipt í tvo riðla ) þá eru valin 6 og síðan 4-6 úr milliriðli í undanúrslit.
  - Ef fjöldi para er 21-30 ( er þeim skipt í þrjú riðla ) þá eru valin 10 áfram og 4-6 úr milliriðli í 2.umferð til að velja þau sem dansa í undanúrslitum ( 12 ) og velja skal 6.
  - Séu tvö pör eða fleiri jöfn að stigum um þátttöku í næstu umferð fara þau öll áfram.
- Meistaraflokkar,
  - Séu 7 pör eða færri skal dansað beint til úrslit og kynningarumferð í öllum 5 dönsum og skal tími á hvern dans eigi vera styttri en 45 sekúndur og skal vera 20 mínútna hléi áður en úrslit eru dönsuð.
  - Séu 8 til 12 pör þá skal dansað undanúrslit eftir því sem fjöldi para er og velja 6 í úrslit.
  - Undantekning á þessu er ef útreikningur gefur val á 5 eða 8 í úrslit þá skal velja 5.

- Undanúrslit skal dansa í tveimur riðlum séu þörin 10 til 12. Fyrst skal dansaður einn kynningardans allur hópurinn saman. Eftir það skal nota tölvukerfi DSÍ til að velja þör í þessa tvo riðla en kerfið gerir það sjálvvirkt og er það breytilegt í hverjum dansi hverjir lenda saman í riðlum.
  - Séu 13 til 20 þör skráð skal þeim skipt í tvo riðla og velja 10 áfram í undanúrslit.
  - Ef fjöldi para er 21-30 ( er þeim skipt í þrjá riðla ) og helmingur valin áfram í 2.umferð og síðan 10-12 í undanúrslit.
- Verðlaunaafhendingar í Meistaraflokkum, (Ungmenni, Fullorðnir) eru afhend í lok dags, í öðrum flokkum er leitast við að afhenda verðlaun eins fljótt og auðið er.
  - Úrslit og verðlaunaafhendingar skal lokið fyrir eftirfarandi tímamörk: Í barnaflokkum fyrir kl 21:00, í Unglingum I fyrir kl 22:00 og í unglungum II fyrir kl 23:00.
  - Sóló dansar eru eingöngu notaðir í úrslitum hjá meistaraflokki fullorðinna. Röð para í sóló dönsum er ávalt handahófskennd og munu þör draga um númer. Framkvæmd sóló dansa er ákveðið samkvæmt tillögum WDSF á hverju ári.
  - Við óviðráðanlegar/óvæntar aðstæður hefur mótstjórn á keppnisdag svigrúm til að breyta rennsli og sveigja frá þessu reglum og skal það kynnt liðstjórum og öðrum sem málið varðar.
  - Mótstjórn tekur ekki á móti athugasemdum varðandi rennsli á keppnisdag.
  - Klæða- og sporareglur:
    - Verði par uppvíst af því að nota óleyfileg spor/klæðnað fær viðkomandi liðstjóri áminningu frá keppnisstjóra.
    - Verði par uppvíst aftur af því að nota óleyfileg spor/klæðnað er parið svift stigum og sett í neðsta sæti í viðkomandi dansi.
    - Undantekning á þessu ef aðeins er dansað beint til úrslita þá er parið sett í neðsta sæti í viðkomandi dansi.
    - Þegar dansað er beint til úrslita og einhver vafi leikur á um lögmæti klæðnaða eða spora er hægt að fá álit klæða-og sporaeftirlits
    - Skipti keppandi um klæðnað fyrir úrslit ber honum að sýna keppnisstjóra ný klæði. Sé það ekki gert fær keppandi ávitur og ef ný klæði eru ekki í samræmi við klæðareglur er viðkomandi par svift stigum og sett í neðsta sæti í öllum dönsum sem keppt er í.
    - Ef að þessum reglum sem eru tilteknað hér að ofan er beitt að par sé svift stigum og sett í neðsta sæti munu önnur þör færast upp um sæti samanber WDSF Chairmen's reference handbook.
    - Taki klæðaeftirlit eftir því að keppandi sé í ólöglegum klæðnaði/eða dansi ólögleg spor skal hafa samband við liðstjóra eða þjálfara hjá því dansíþróttafélagi sem við á.